



Barnaheill

Save the Children Iceland

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. jan. 2008

Umsögn um: frumvarp til laga um grunnskóla. (135. löggjafarþing 2007-2008. Þskj. 319 - 285. mál.)

Barnaheill-Save the Children á Íslandi fagna umræddu frumvarpi, sem að mati samtakanna tryggja jafnan rétt barna á Íslandi til grunnskólanáms í samræmi við 28. 29. og 30. grein Barnasáttmálans.

Barnaheill fagna sérstaklega eftirfarandi atriðum í frumvarpinu:

- 1) 11. gr. sem kveður á um að óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á á XXII. kafla hegningarlaga. Samtökin telja greinina vera mikilvægan þátt í að efla vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.
- 2) 16. gr. sem kveður á um sérstakan stuðning við nemendur af erlendum uppruna og forráðamenn þeirra. Þar sem reynslan hefur sýnt að börn með íslensku sem annað mál standa oft verr að vígi en jafnaldrar þeirra þarf að huga sérstaklega að námsstuðningi við þau sem og að samstarfi skóla við forráðamenn þeirra. Barnaheill telja mjög mikilvægt að börnin fái kennslu í íslensku í samræmi við þarfir þeirra og jafnframt að þau fái kennslu í eigin móðurmáli.

Barnaheill vilja gera eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Barn á að eiga örugga inngöngu í sinn hverfissskóla

Skv. 5 gr. er sveitarfélögum skylt að sjá til þess að skólaskyld börn skv. 3 gr. sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu njóti skólavistar. Að mati Barnaheilla er ekki nóg að nemandinn sé öruggur um skólavist í sínu sveitarfélagi heldur á það að vera öruggt um skólagöngu í sínum hverfissskóla ef það eða forsjáraðilar þess kjósa það (þ.e. ef það eru fleiri en einn skóli í sveitarfélaginu.) Eðli málsins samkvæmt er það langoftast barni fyrir bestu að ganga í skóla sem næst heimili sínu, nema það sjálft og/eða forsjáraðilar þess kjósi annað.

- 2) Tjáningafrelsi nemenda ekki nægilega tryggt.

Að mati Barnaheilla er tjáningafrelsi nemenda ekki tryggt nægilega eins og 8. gr. er orðuð í frumvarpinu: *..fulltrúar nemenda skulu eiga kost á að taka þátt í umræðum skólaráðs þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda eftir nánari ákvörðun ráðsins.*



Barnaheill

Save the Children Iceland

Í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki er gert ráð fyrir að nemendur eigi fastafulltrúa í skólaráði þar sem ekki er talið henta nemendum að taka þátt í umræðum um allar áætlanir skólans. Hins vegar skulu fulltrúar nemenda vera kallaðir til starfa með skólaráði þegar fjallað er um velferðar- og hagsmunamál nemenda.

Samtökin telja skynsamlegra og það tryggja betur tjáningafrelsisákvæði 1. mgr. 12 gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins að lögbinda það að fulltrúar nemenda starfi alltaf með skólaráðinu þegar fjallað er um velferðar-og hagsmunamál nemenda. Hægt er að ganga fram hjá tjáningafrelsi nemenda eftir hentugleika ráðsins ef að orðalagið: *eftir nánari ákvörðun ráðsins* fær að halda sér. Best væri, að mati samtakanna, að nemendur ættu fastann fulltrúa í skólaráði óháð því hvort um velferðar-og hagsmunamál þeirra sé að ræða. Hvað er velferðar-og hagsmunamál nemenda getur verið túlkunaratriði.

Virðingarfyllst,

Petrína Ásgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri Barnaheilla.